

„Mér líður stórkostlega“

— Sr. Pálmi Matthíasson á línunni

— Pálmi Matthíasson komdu sæll og blessaður.

— Komdu sæll.

— Það er stór dagur hjá þér og þínum sóknarbörnum á sunnudag, vígsla Glerárkirkju.

— Já, og þessi dagur leggst mjög vel í mig, þetta er svo stórkostlegur áfangi og mjög langþráður. Annars má ég ekki vera vanþakklátur og tala um langþráðan áfanga, það hafa margir prestar orðið að bíða lengur en ég og það má segja að okkar kirkjubygging hafi gengið fyrir sig á hljóðhræða miðað við kirkjubyggingar almennt.

— Hvað veldur því?

— Fyrst og fremst áhugi fólksins sem í kringum þetta stendur. Ég hef aldrei fundið annað en að hver og einn íbúi hér í sókninni hafi viljað leggja þessu máli lið á einhvern hátt. Hver einasti maður sem þeir hafa verið um eitthvert viðvik hefur sagt já og jafnframt beðið um að ef hann gæti gert eitthvað meira þá væri það sjálfsagt. Þetta er líka í fyrsta skipti sem „Porpararnir“ standa saman að einhverju stóru átaki.

— Hvaða breytingar hefur tilkoma kirkjubyggingarinnar í för með sér fyrir safnaðarstarfið?

— Geysilega miklar. Ég get nefnt að nú losnar maður við að bera 200-300 stóla á hverjum sunnudegi eins og verið hefur en það hefur mátt gera þegar messað hefur verið í Glerárskóla. Nemendur í 9. bekk þar hafa aðstoðað dyggilega við þetta. Nú er hægt að taka kirkjulegar athafnir þarna inn og við erum ekki lengur öðrum háðir með húsnæði fyrir þær. Þetta breytir miklu varðandi allt félagastarfi í sókninni. Krökkunum hefur t.d. fundist leiðinlegt að sækja æskulýðsfundi í skólanum þar sem þau eru allan daginn og einnig í íþróttum og á opnum húsum og þess háttar.

— Er æskulýðsfélagið öflugt?

— Það gengur dálítið skrykkjótt. Félagið heitir Glerbrot og var þannig tilkomið að í því væri brot af þeim sem búa í Glerárprestakalli og ef það væri öflugt myndi stirna af því eins og litlu glerbroti sem ljós fellur á. Krakkarnir fundu sjálfir þetta nafn.

— Hvar hafa kirkjulegar athafnir í sókninni farið fram?

— Þær hafa mikið verið í Lögmannshlíð og í Akureyrarkirkju þegar við höfum getað fengið þar inni. Ég reikna með að um 70% af skírnum í prestakallinu hafi farið fram í heimahúsum og giftingar hafa verið algengar í heimahúsum, bæði heima hjá mér og víða um bæinn. Þetta hefur allt verið vegna þess að við höfum ekki haft heitt hús.

— Það eru fleiri félög starfandi í sókninni en æskulýðsfélagið.

— Já, Kirkjukórinn er öflugur þrátt fyrir að hann hafi verið á hrakholum með húsnæði þrátt fyrir að forráðamenn í Glerárskóla hafi reynt okkur afskaplega vel. Kvenfélagið er öflugt og konurnar eru betri en engar við að styrkja okkur.

— Nú horfir þú bjartsýnn fram á veginn.

— Já, svo sannarlega. Mér líður stórkostlega og hlakka mikið til.

— Pakka þér fyrir spjallið Pálmi.

— Pakka þér sömuleiðis. gk.

Línan

Blönduós:

Félagsmiðstöð senn í notkun

Nú hillir undir að langþráður draumur unglínga, og reyndar margra annarra, um félagsmiðstöð á Blönduósi rætist. Flest bendir nú til að félagsmiðstöðin verði að fullu tekin í notkun næsta haust, en að hluta nú á næstu dögum.

Félagsmiðstöðin mun verða á efri hæð félagsheimilisins og hefur það húsnæði verið tekið á leigu til sex ára. Þar eru nú til húsa skrifstofur Búnaðarsambands Austur-Húnavatnssýslu en

leigusamningur þess rennur út í apríl næstkomandi. Stefnt er að því að einhver starfsemi geti hafist þarna sem fyrst og að útboð á framkvæmdum fari fram í kringum páska, sem þýðir að ekki kæmi til framkvæmda fyrr en verulega væri liðið á vorið og skólum væri um það bil að ljúka.

Uppi eru hugmyndir um að unglíngar á Blönduósi vinni einhvern hluta þess starfs sem framundan er í húsnæðinu, en of fljótt er að segja nánar um það. Löngu

er ljóst að enginn möguleiki er að koma fyrir slíkrí aðstöðu í skólanum því plássleysi er mikið þar og er horft með vonaraugum til byggingar nýs íþróttahúss til að hægt verði að leysa brýnasta vandann. Keypt hafa verið vönduð hljómfletningsteki og verður þeim komið fyrir á staðnum strax og lokið verður við aðstöðu fyrir þau.

Gróflaga er áætlað að kostnaður við félagsmiðstöðuna verði um tvær milljónir króna. G.Kr.

Félagsfundur

Styrktarfélag vangefinna boðar til félagsfundar í løjulundi mánudaginn 16. febrúar kl. 20.30.

Fundarefni:

Trausti Ólafsson, skólastjóri, fjallar um innra starf Þjálfunarskóla ríkisins á Akureyri.

Félagar fjölmennið.

Stjórnin.



Bjóðum upp á glæsilega aðstöðu fyrir funda- og ráðstefnuhald. Veislur og aðra mannfagnaði svo sem:

Árshátíðir, þorablót, erfidrykkjur, brúðkaup og fermingaveislur.

Allar nánari upplýsingar hjá veitingastjóra í síma 22200.



Laugardaginn 14. febrúar:

Lokað vegna einkasamkvæmis.

Verið velkomin.





HÓTEL KEA

AKUREYRI

Útihurðir, gluggar og gluggagrindur

Framleiðum útihurðir, glugga og gluggagrindur af mismunandi gerðum, kaupandi getur valið um ýmsar viðartegundir, svo sem teak, oregon pine, mahogni, furu o.fl. Gluggaviðgerðir Allar hurðir og gluggagrindur eru með innfræstum þéttlistu.

Sérsmíðum eftir ósk kaupanda. Gerum verðtilboð.



Bílskúrshurðir
Bílskúrshurðajárn

TRÉSMÍÐJAN
BÖRKUR H F
Fjölningstötu 1a
Akureyri
Sími 96-21909